

## ☒ Re: Lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskiuplags Snæfellsbæjar og nýs deiliskipulags við Krossavík á Hellissandi

Búið til	26.8.2022 14:27:32
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	26.8.2022 14:27:31
Tilheyrir	📁 202208-0013 - Breytingar aðalskiuplags Snæfellsbæjar og nýs deiliskipulags við Krossavík á Hellissandi

### Efni

Re: Lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskiuplags Snæfellsbæjar og nýs deiliskipulags við Krossavík á Hellissandi

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	26.8.2022 14:27:31	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	hildo@husk.is, byggingarfulltrui@snb.is, skipulag@snb.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

### Innihald

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagsáform í Krossavík:

Tilvísun í mál nr. 202208-0013 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar, dags. 11. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskiuplagi Snæfellsbæjar og nýs deiliskipulags vegna sjóbaða við Krossavík á Hellissandi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Til stendur að breyta 0.8 hektara skika við Krossavík, þar sem nú er skilgreint óbyggt svæði, í afþreyingar- og ferðamannasvæði á aðalskipulagi. Þar stendur til að byggja sjóböð og í því felst umtalsverð mannvirkjagerð. Þar eru fyrir hafnarmannvirki sem ekki eru lengur í notkun og sum allt að 100 ára gömul. Svæðið er því raskað að hluta til í dag. Til viðbótar við lóð fyrir mannvirki tengd sjóböðum (byggingar, pottar, göngustígar o.fl.) er gert ráð fyrir lóð fyrir bílastæði um 200-250 metra fyrir austan byggingarlóðina.

Svæðið er innan tillögunnar Snæfellsnes sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúruminjaskrár, og nær yfir Snæfellsjökulsþjóðgarð ásamt nálægum svæðum sem metin hafa verið með hátt verndargildi vegna fugla eða vistgerða – sjá: <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/snaefellsnes> (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/snaefellsnes>) Í Vestanverðri Krossavík eru m.a. fjöruvistgerðir með mjög hátt verndargildi þ.e.a.s. klóþangsfjörur sem og strandlendisvistgerðir einkum sjávarfítjungsvist. Þá er svæðið innan marka mikilvægs fuglasvæðis, Snæfellsnes, <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/snaefellsnes> (<https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/snaefellsnes>). Það er til dæmis þekkt að kríur dvelja í Krossavík eftir varp en eitt stærsta kríuvarp landsins er rétt fyrir austan nálægt Rífi. Einnig ber að taka tillit til hrauns sem fellur undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Sökum þess að svæðið er metið með hátt verndargildi er óhætt að segja að það henti almennt séð ekki vel fyrir framkvæmdir sem valda röskun. Ljóst er að hluta þessara vistgerða verður raskað með framkvæmd sjóbaðanna þótt svæðið sé ekki að öllu óraskað í dag. Mikilvægt er að leggja mat á hversu stórt svæði það er sem verður fyrir raski. Til stendur að skoða gróðurfar en að mati Náttúrufræðistofnunar þarf einnig að leggja mat á fjöruvistgerðir og gera úttekt á fuglalífi svæðisins og meta áhrif af skipulagsáformunum á bæði fjöruvistgerðir og fugla sem og jarðminjar.

Ekki er jarðhiti á svæðinu og því þarf að hita kalt vatn. Meta þarf áhrif þess að flytja vatn á svæðið og hita það upp m.a. rask vegna veitulagna. Þá þarf að leggja mat á áhrif fráveitu frá sjóböðunum á lífríki svæðisins. Þá getur starfsemi sjóbaða truflað lífríki á svæðinu ef því fylgir mikil aukning á umferð, hávaði o.s.frv.

Í skipulagslýsingunni er fjallað um nálægð við mögulegan vindmyllugarð vestan við Krossavík, sem gert er ráð fyrir í Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031. Vindmyllugarðurinn er ekki til umfjöllunar í þessari skipulagslýsingu en Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að nefna að það er mat stofnunarinnar að staðsetning hans, að hluta innan þjóðgarðamarka, sé ekki sérlega fýsileg vegna verndargildis svæðisins m.a. með tilliti til fuglalífs, jarðminja og landslags.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Hildigunnur Haraldsdóttir" <hildo@husk.is>

**To:** "Jón Björnsson" <jonb@ust.is>; "office@vedur.is" <office@vedur.is>; "arni.snorrason@vedur.is" <arni.snorrason@vedur.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is" <eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is>; "grundarfjordur@grundarfjordur.is" <grundarfjordur@grundarfjordur.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Erindi - HAFRO" <erindi@hafogvatn.is>; "heilbrigdiseftirlit@vesturland.is" <heilbrigdiseftirlit@vesturland.is>;

"thorsteinn@hev.is" <thorsteinn@hev.is>; "isavia@isavia.is" <isavia@isavia.is>; "lhg@lhg.is" <lhg@lhg.is>; "Arni.Vesteinsson@lhg.is" <Arni.Vesteinsson@lhg.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "magnus@minjastofnun.is" <magnus@minjastofnun.is>; "mila@mila.is" <mila@mila.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "os@os.is" <os@os.is>; "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "lydia@centrum.is" <lydia@centrum.is>; "lulli61@hotmail.com" <lulli61@hotmail.com>; "ragnhildur@snaefellsnes.is" <ragnhildur@snaefellsnes.is>; "vignir@verks.is" <vignir@verks.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>  
**CC:** "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar" <byggingarfulltrui@snb.is>; "skipulag" <skipulag@snb.is>  
**Subject:** Lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskiuplaga Snæfellsbæjar og nýs deiliskipulaga við Krossavík á Hellissandi  
**Date:** 11.8.2022 17:10:53

Góðan dag. Hér í viðhengi er lýsing og vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskiuplagi Snæfellsbæjar og nýs deiliskipulaga vegna sjóbaða við Krossavík á Hellissandi. Lýsingin var auglýst í Fréttablaðinu og Jökli í dag 11.08.2022. Haldinn verður kynningarfundur í Röstinni á Hellissandi kl. 17 þann 18.08.2022.

Ef þið hafið hug á að veita umsögn eða koma á framfæri umsögnum eða athugasemdum áður en unnið verður að tillögum, er óskað eftir að þær berist eigi síðar en 29. ágúst 2022 á netföng tæknideildar Snæfellsbæjar, byggingarfulltrui@snb.is (mailto:byggingarfulltrui@snb.is) og skipulag@snb.is (mailto:skipulag@snb.is)

Kær kveðja, Hildigunnur

Hildigunnur Haraldsdóttir atkitekt faí  
skipulagsfulltrú Snæfellsbæjar  
Hús og skipulag ehf sími 8947040

## Viðhengi

image001.png (5 KB)